

Efni: Samantekt vegna athugasemda Sigurðar Hreinssonar – LV6

Á fundi svæðisráðs vestfjarðar þann 20.mars 2023 tekið fyrir erindi Sigurðar Hreinssonar til svæðisráðs með ósk um breytingu á Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða

Niðurstaða: Niðurstaða: Svæðisráð óskar eftir samantekt á samskiptum HMS í tengslum við erindi Sigurðar Hreinssonar – til umræðu á næsta fundi.

Aðdragandi málsins

Minnisblað þetta er tekið saman í framhaldi af fundi svæðisráðs Vestfjarða 20. mars 2026, þar sem fjallað var um erindi Sigurðar Hreinssonar með ósk um breytingu á Strandsvæðisskipulagi Vestfjarða. Í framhaldi af umræðu óskaði svæðisráðið sérstaklega eftir samantekt á samskiptum HMS í tengslum við erindi Sigurðar Hreinssonar.

Í minnisblaðinu er gerð grein fyrir málsmeðferð og samskiptum vegna erindis Sigurðar Hreinssonar, þeirri svörun sem fram kom af hálfu þáverandi svæðisráðs við athugasemdum hans við vinnslu strandsvæðisskipulagsins, og loks þeim álitafnum og mögulegum farvegum sem erindið gefur tilefni til.

Málsmeðferð og samskipti vegna erindis Sigurðar Hreinssonar

Skipulagsstofnun annaðist, í umboði svæðisráðs, þá málsmeðferð og samskipti sem lutu að gerð strandsvæðisskipulags Vestfjarða. Samskipti við Sigurð Hreinsson vegna athugasemda hans við fyrirhugaða lagningu sæstrengs yfir Arnarfjörð fóru því af hálfu stofnunarinnar fyrir hönd svæðisráðsins. Í þeim samskiptum lágu jafnframt fyrir stjórnarsýsluleg úrlausnarefni sem tengdust framkvæmdinni, annars vegar afstaða Skipulagsstofnunar til þess hvort framkvæmdin væri matsskyld og hins vegar umfjöllun stofnunarinnar við meðferð breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Fyrir liggur að framkvæmdin var tilkynnt til Skipulagsstofnunar og að niðurstaða stofnunarinnar var sú að hún væri ekki matsskyld. Jafnframt kemur fram í gögnum vegna breytingar á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar að þar taldi stofnunin þörf á að gera grein fyrir valkostum og umhverfisáhrifum þeirra við meðferð skipulagsbreytingarinnar.

Við meðferð athugasemda við tillögu að strandsvæðisskipulagi Vestfjarða bárust athugasemdir frá Sigurði Hreinssyni þar sem einkum var gerð athugasemd við að Landsnet hefði ekki gert fullnægjandi valkostagreiningu á legu strengsins, að samráð við landeigendur hefði verið áfátt og að ekki væri nægilega tekið mið af mikilvægi rækjuveiða á því svæði sem framkvæmdin varðaði. Í viðbrögðum þáverandi svæðisráðs kom fram að ráðið teldi ekki rétt að það svaraði fyrir vinnu Landsnets við undirbúning lagningar sæstrengs um Arnarfjörð. Ráðið vísaði þó til þess að því væri kunnugt um að fram hefði farið frumgreining á valkostum um legu strengsins með tilliti til mismunandi landtökustaða og að framkvæmdin hefði verið tilkynnt til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu og að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Þá var rakið að í upphaflegum áætlunum hefði

verið gert ráð fyrir landtöku í landi Auðkúlu, en að við frekari skoðun hefði komið í ljós að vel hentaði að sæstrengurinn kæmi að landi við Hrafnseyri, og að strandsvæðisskipulagið myndi taka mið af breytingum á aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar að því leyti.


Að því er varðar athugasemdir um áhrif á veiðar vísaði þáverandi svæðisráð til þess að margir strengir lægju um Arnarfjörð og að fjarskiptastrengir takmörkuðu ýmsar veiðar á beltum sem næði fjórðung úr sjómílu til hvorrar handar frá streng samkvæmt 86. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022. Jafnframt benti ráðið á að raforkulög kvæðu ekki á um sambærilegt helgunarsvæði. Einnig var vísað til breytinga sem gerðar voru á almennu ákvæði fyrir nýtingarflokkinn lagnir og vegir. Af svörun ráðsins verður þannig ráðið að það taldi ekki tilefni til að endurmeta í grundvallaratriðum þá stefnumörkun sem lá að baki nýju mannvirkjabelti yfir Arnarfjörð við afgreiðslu athugasemdanna, heldur að byggja á þeim undirbúningi sem fyrir lá og þeim skipulagsforsendum sem tillagan studdist við.

Álitaefni og mögulegir farvegir

Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að erindi Sigurðar Hreinssonar lýtur að því að fá fyrri stefnumörkun um nýtt mannvirkjabelti yfir Arnarfjörð tekin til endurskoðunar, einkum á þeim grundvelli að valkostir hafi ekki verið metnir með fullnægjandi hætti og að áhrif á rækjuveiðar hafi ekki fengið nægilegt vægi. Fyrri svör svæðisráðs byggði hins vegar á því að ekki væri hlutverk ráðsins að svara fyrir undirbúning Landsnets, heldur að taka mið af þeim upplýsingum og stjórnvaldsákvörðunum sem fyrir lágu við mótnun strandsvæðisskipulagsins.

Samantekt/afstaða HMS

Að framan er rakin málsmeðferð og fyrri svör vegna þessa máls. Fyrir liggur lögformleg meðferð Strandsvæðisskipulags Vestfjarða, staðfest breyting á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags og ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar. Þegar er búið að leggja strenginn og hann kominn í rekstur. Við þennan undirbúning lágu fyrir athugasemdir Sigurðar Hreinssonar og var þeim svarað í viðkomandi ferlum.



Núverandi ljósleiðarastrengir sem þegar þvera fjörðinn eru táknaðir í gulum lit. Landsnet eru í rauðum lit og þær leiðir sem ítrekað hefur verið bent á að ætti að skoða frekar, er í grænum, bláum og fjólubláum lit.